



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 30. desember 2021



Sólskinsdraumur er litfagur og ljúffengur kokteill. MYND/OAFENGT.IS

Óáfeng gleði

starri@frettabladid.is

Það er upplagt að bjóða upp á óáfenga drykki á gamlárskvöld.

Sólskinsdraumur einn drykkur

4 cl appelsínusafi

4 cl eplasafi

4 cl ananassafi

3 ½ cl Grenadine-siróp

2 cl rjómi

2 cl kókossiróp

Hristist mjög vel og fyllt upp með Sprite. Sett í stórt kokteillglas. Fersk jarðarber eru notuð til skreytingar.

Flottari Maple mint fizz einn drykkur

6 fersk myntulaufblöð

2 tsk. maple-siróp

3 cl granateplasafi

Bitter Lemon-gos

2 litlir bitar sitróna

Ísmolar, myntublöð, sitróna, siróp og granateplasafi hrist saman í kokteilhristara í 5 sekúndur. Blandan sett í hátt glas og fyllt upp með Bitter Lemon-gosi eða Sprite. Skreytt með tveimur röfum og myntublöðum. HEIMILD: OAFENGT.IS



Sylvía fannst gaman að takast á við þá áskorun að hanna búninga fyrir mynd sem gerist á 5. áratugnum, en hún tók sér stundum skáldaleyfi.

MYND/GK

Innblásin af Hollywood-glamúr

Sylvía Dögg Halldórsdóttir/Sylvía Lovetank hefur unnið við búningagerð fyrir kvikmyndir og sjónvarp í áratug. Nýverið hannaði hún búninga fyrir stuttmyndina Mitt draumaland. Myndin gerist á 5. áratugnum, tímabili sem Sylvíu hefur lengi verið hugleikið. **2**



Briet í hlutverki söngkonunnar Bjarkar, syngur á Camp Tripoli. Mikil vinna liggur að baki kjólnum sem fangar anda 5. áratugarins vel þó Sýlvía segi að hann sé kannski ekki alveg dægigerður fyrir Ísland á þessum tíma. MYNDIR/LILJA JÓNS



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun @frettabladid.is

Stuttmyndin Mitt draumaland, eða My Promised Land eins og hún heitir á ensku, gerist á hernámsárunum á Íslandi. Myndin er skrifuð og henni leikstýrt af Sigga Kjartani, sambýlismanni Sýlviu. „Þetta er falleg mynd sem fjallar um stríðsárin á Íslandi og fókusar á ungar konur þess tíma og hvernig þeirra raunveruleiki var. Myndin gerist um það bil árið 1942 en er dystópísk útgáfa af ástandinu,“ útskýrir Sýlvía.

Söngkonan Briet fer með aðalhlutverkið í myndinni og segir Sýlvía hana hafa farið með stórleik. Mikil af þekktum leikurum koma fram í myndinni.

„Fjölskyldan í myndinni samanstendur af Anítu Briem sem leikur mömmu hennar og Birni Hlyni sem leikur pabbann. Gríma Valsdóttir leikur yngri systur hennar og Elín Hall leikur þriðju systurina, Margrét Vilhjálmsdóttir, Helga Stefánsdóttir, Magnús Ragnarsson, Arnar Dan, Helgi Seljan, Andri Freyr, Almar Blær, Arnundur Ernst, Kristín Pétursdóttir og Íris Tanja Flygenring leika einnig í myndinni en ótrúlega mikið af flottu fólki lagði hönd á plóg,“ segir Sýlvía.

„Baltasar Breki Samper sá um kvikmyndastjórn, Hulda Helgadóttir um leikmynd, Ragna Fosberg um gervahönnun og Thelma Torfadóttir framleiddi.“

Þar sem myndin gerist árið 1942 eru búningarnir í þeim anda. Sýlvía fór í rannsóknarvinnu fyrir myndina, eins og hún gerir reyndar alltaf þegar hún hannar búninga, og skoðaði myndir frá tímabilinu til að fá hugmyndir að búningum. En kjóll sem hún hannaði fyrir Brieti vekur sérstaka athygli.

„Það var rosalega gaman að gera þennan kjól. Hann er svolítið innblásinn af Hollywood-glamúr og mætti vel færa rök fyrir því að hann endurspeglar ekki Ísland árið 1942, en við tókum okkur skáldaleyfi í kringum það,“ útskýrir Sýlvía.

„Í korsettuna handsaumaði ég hverja einustu perlu með nál og tvinna og festi svo niður með lími og var það mjög tímafrekt en verðlaunandi verkefni. Korsetturnar þurftu svo að vera tvær því myndin var ekki skotin í tímaröð eins og algengt er í okkar heimi.“

Með frábært teymi í kringum sig Þrátt fyrir að hafa ekki lært fata- eða búningahönnun hefur Sýlvía



starfað við búningahönnun fyrir kvikmyndir og sjónvarp í um tíu ár.

„Mér var boðið starf í kvikmyndaverkefni því ég var myndlistarkona og fer öruggum höndum með pensilinn. Ég féll fyrir starfsgreininni og hef verið í henni síðan,“ útskýrir Sýlvía.

„Ég er með frábært teymi í kringum mig og væri ekkert án þeirra ofurkvenna sem leggja mér lið hverju sinni. Ég er menntaður myndlistarmaður og hef unnið mikið í tisku. Ég er með hæfileikaríka klæðskera með mér í liði sem gera þetta flókna en ég er meira með pennann að vopni og útskýri hverju ég vil ná fram. Ég get saumað til að bjarga lífi mínu en það nær ekki mikið lengra en það,“ segir hún hlæjandi.

„Búningadeildin í þessari mynd var hokin af hæfileikum og enginn er eyja í svona verkefnum en sérstaklega langar mig að þakka Brynju Skjaldar, Urði Hákonardóttur, Hörpu Finnsdóttur, Birnu Sigurjónsdóttur, Lísu Hjaltested og Möggu Siggú fyrir alla þeirra frábæru vinnu,“ bætir hún við.

Sýlvía hefur unnið við mikið af flottum bíómyndum og sjónvarpsáttum á tíu ára ferli sínum í bransanum.

„Mér finnst gaman að vinna að ólíkum verkefnum. Nýlega gerðum við Stellu Blómkvist, seríu tvö, það

Sýlvía þótti mjög gaman að gera þennan kjól á Brieti en hver einasta perla er handsaumuð á korsrettuna.



Myndin gerist á stríðsárunum og það sést vel á búningahönnun Sýlviu.



Fulltrúar Ungmennaeftirlits Íslands í einkennisbúningum eftir Sýlvíu.



Smáatriði í búningahönnun geta sagt ýmislegt um persónurnar.

var mjög skemmtilegt verkefni. Vísindaskáldskapur heillar mig meira generalt en til dæmis harður íslenskur raunveruleiki. Nútíminn getur verið svolítið hversdagslegur en mér finnst gaman að fara aðeins út fyrir raunveruleikann,“ segir hún.

„Það sem var líka gaman við vinnuna við My Promised Land var að fara aftur í tímann og gera ýktari útgáfu af þessum árum, mér finnst alltaf skemmtilegra að vinna í rými þar sem maður er ekki alveg bundinn við staðreyndir.“

Karaktersköpun skemmtileg

Aðspurð hvort henni finnst skemmtilegra að hanna fyrir eitt tímabil en annað segir hún að hún hafi ekki unnið með öll tímabilin enn. Hún hafi til dæmis aldrei hannað búninga fyrir mynd sem gerist á fimmta áratugnum áður.

„Mér fannst það ótrúlega skemmtilegt. En það getur verið ólíkt að vinna við svona eftir því hvað verkefnið er stórt. Ef þú ert til dæmis með mjög mikið fjármagn að vopni þá er hægt að fara í stór búningahús úti í heimi og finna eitthvað frá tímabilinu sem þú ert að vinna við. Þá er auðvelt að gera tímabilinu góð skil,“ segir Sýlvía.

„Mér finnst annars eiginlega allt við búningahönnunina skemmtilegt. Karaktersköpun er í miklu uppáhaldi. Að kafa í handrit og

77 Ég er með frábært teymi í kringum mig og væri ekkert án þeirra ofurkvenna sem leggja mér lið hverju sinni.

Sýlvía Dögg Halldórsdóttir

karaktera og finna hvað passar hverjum og einum. Það veltur ekki á því hvað mér finnst fallegt sjálfri, heldur er eitthvað sem hjálpar áhorfanda sjónrænt að sjá hvaða mann karakterinn hefur að geyma. Lítil smáatriði geta hjálpað og sagt heilmikla baksögu ef vel er að gáð.“

Tökum á myndinni Mitt draumaland er lokið en hún nú í eftirvinnslu að sögn Sýlviu.

„Ég veit ekki nákvæma dagsetningu á hvenær hún verður frumsýnd en það verður væntanlega fljótlega á næsta ári.“ ■

ÚTSALAN ER HAFIN 30-50% AFSLÁTTUR

Frábært úrval af fatnaði í stærðum 42-58

Pantaðu í netverslun www.curvy.is

Opið í verslun Curvy alla virka daga
frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16



Síð Skyrta
6.993 kr
9.990 kr



Túnika
8.393 kr
11.990 kr



Síðkjóll
7.495 kr
14.990 kr



Peysukjóll
5.593 kr
7.990 kr



Skjurtukjóll
10.493 kr
14.990 kr



Satín kjóll
11.893 kr
16.990 kr



Kósý peysa
5.593 kr
7.990 kr



Brióstahaldari
6.993 kr
9.990 kr



Úlpa
11.893 kr
14.990 kr



Úlpa
7.495 kr
14.990 kr



Hettupeysa
3.995 kr
7.990 kr



Úlpa
12.593 kr
17.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is



Þótt eiginkonan steli oftast athyglinni þegar kemur að glæsilegum klæðaburði á Vilhjálmur prins líka sínar stundir. Þessi dökkgræni flauelsjakki vakti athygli þegar hann mætti á Earthshot-verðlaunahátíðina í október.




Elisabet Englandsdrottning klæddist límónugrænni kápu á minningarathöfn í mars. Hatturinn er í stíl og skreyttur gulum blómum. Demantsnælan í barminum er gjöf frá 1954.

FRETTABLAÐID/GETTY

Vel klæddir meðlimir bresku konungsfjölskyldunnar

Meðlimir bresku konungsfjölskyldunnar rötuðu oft á síður dagblaða og tímarita á árinu vegna smekklegs klæðaburðar. Breska tímaritið OK! tók saman tíu bestu flikur ársins og deildi með lesendum sínum fyrr í þessum mánuði. Skoðum nokkrar fallegar flikur frá meðlimum fjölskyldunnar.

starri@frettabladid.is



Katrin, hertogaynja af Cambridge, klæddist þessum gullfallega og gyllta kjól frá Jenny Packham við frumsýningu nýjustu James Bond-myndarinnar í september.



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS


ALOE VERA MELTING & BÓLGUR




85%
VIRKT
CURCUMIN



www.celsus.is



Katrin, hertogaynja af Cambridge, klæddist þessari fallegu bláu kápu frá Holland Cooper í heimsókn þeirra hjóna til Skotlands í maí.



Meghan, hertogaynja af Sussex, klæddist þessum rauða og glæsilega kjól frá Carolina Herrera á galakvöldverði í síðasta mánuði.



ZHENZI Kisha shifonkjóll
Fæst líka í bleiku
Stærðir 42-56
Verð kr. 12.990



IVY BEAU Zakira kjóll með pífukanti
Stærðir 38-46
Verð kr. 10.980



STUDIO Anne Marie síð tunika
Stærðir 42-56
Verð kr. 15.980



STUDIO Kit Shifonskyrta
Stærðir 38-56
Verð kr. 13.980



YEST shifon kjóll
Stærðir 38-48
Verð kr. 12.980

GLEÐILEGT NÝTT ÁR 2022



ROBELL Nena 09 Stretchbuxur
Stærðir 34-52
Verð kr. 11.980




ZHENZI Jazzy stretchbuxur
Fleiri litir til
Stærðir 42-56
Verð kr. 7.990



ZE ZE Elsa stretchbuxur
Stærðir 38-48
Verð kr. 7.990



SANDGAARD Madrid bootcut buxur
Stærðir 38-52
Verð kr. 9.980



ROBELL Marie vetrarbuxur
Fæst líka í brúnu
Stærðir 34-54
Verð kr. 10.980

ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA



JANA Lakk Croco Ökkaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 17.990



YIWU Daisy fóðraður hattur með skyggni
Fleiri gerðir til
Verð kr. 4.990



FESTIVAL Bambus Bómullarsokkar sett
Stærðir 35-46
Verð kr. 2.990



Lou Símataska lítill "crossbody" hliðartaska
Verð kr. 3.990



Duffel tavel bag
Fæst líka í svörtu
Stærð: 50*31*20cm
Verð kr. 7.990



Helgarferða taska Duffel tavel bag silfur
Stærð: 50*31*20cm
Verð kr. 7.990



Helgarferða taska Duffel tavel bag silfur
Stærð: 50*31*20cm
Verð kr. 7.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Íslenskt landslag í auglýsingum tískurisa

Fatamerkin The North Face og Gucci hófu samstarf á síðasta ári og kynntu nýlega annan hluta samstarfsins, með auglýsingaherferð sem var tekin upp hér á landi.

oddurfreyr@frettabladid.is

Fyrir um ári hófu vörumerkin Gucci og The North Face nýstárlegt samstarf. Þetta var ekki fyrsta samstarf The North Face með hátiskumerki en þetta var í fyrsta sinn sem Gucci framleiddi útivistarfátnað. Nú heldur samstarfið áfram og rétt fyrir jól hófst auglýsingaherferð fyrir nýja línu sem fyrirtækin kalla kafla tvö, en herferðin var mynduð af frönsku tvíburunum Jalan og Jibril Durimel hér á landi og hönnuð af Alessandro Michele, hönnunarstjóra Gucci. Nýja línan inniheldur

útivistarfátnað, skó, tóskur og aukahluti fyrir bæði karla og konur, þar sem stílar merkjanna tveggja mætast. Þar er meðal annars að finna flikur sem byggja á hönnun frá bæði áttunda og tíunda áratug síðustu aldar en hafa verið uppfærðar með nýttiskulegum efnum og nútímalægum framleiðsluáferðum.

Fötin fást bæði í hlutlausum og sterkum litum og til að styðja við sjálfbærni var Econyl aðalefnið sem var notað í þessi fót, en það er nælonefni sem er búið til úr plöntutefjum.

Í herferðinni sjást fyrirsætturnar í íslenskri náttúru, umkringdar svörtum sandi, grænum hæðum og jöklum. Gucci segir að herferðin sýni „óhrædda landkönnuði í einstöku og undurföggu landslagi Íslands, sem hafi yfirnáttúrulegan anda“ og að hún „fagni anda könnunar í öllum sínum myndum og byggi á gildum sjálfskönnunar og tjáningar, sem einkenni bæði vörumerkin“. ■



Það er ekki víst að útivistarfólk myndi mæla með þessum klæðnaði fyrir heimsókn í Jökulsárlón.



Gucci hafði aldrei framleitt útivistarfátnað áður en samstarfið við The North Face hófst.



Herferðin var mynduð af frönsku tvíburunum Jalan og Jibril Durimel og hönnuð af Alessandro Michele, hönnunarstjóra Gucci.

MYNDIR/GUCCI



Íslenskt landslag leikur stórt hlutverk í herferðinni.

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Blaðið er unnið í samtarfi við
FKA - Félag kvenna í atvinnulífinu.

Fimmtudaginn 20. janúar 2022 gefur Fréttablaðið út stórglæsilegt sérblað sem nefnist „Konur í atvinnulífinu“, daginn sem Viðurkenningahátíð FKA verður.

Sérblaðið nefnist „Konur í Atvinnulífinu“ og hefur samskonar blað verið gefið út í góðu samstarfi við FKA síðustu fjögur ár við afar góðar undirtektir.

Þessu blaði er ætlað að kynna allt það góða starf sem konur í atvinnulífinu eru að inna af hendi, hvort sem þær séu í ábyrgðastöðu eður ei. Blaðið er að mestu sett saman af keyptum kynningum en auðvitað fylgja einnig auglýsingapláss svona blöðum.

Blaðið í fyrra var 64 síður og líkur eru á að blaðið í ár slái öll met.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Toppaðu

ísinn með réttu íssósunni

Uppskrift að Mars - íssósu

1. Hitið 1-2 dl rjóma í potti
2. Brytjið 4 Mars stykki út í
3. Hrærið vel og þynnið með rjóma eftir smekk



Hafðu það einfalt og gott...



Bílar & Farartæki

AÐALKAUP



GLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA - ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177P!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilót, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120626 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

AÐALKAUP



GLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA - ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177P!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilót, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120626 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

AÐALKAUP



EKINN AÐEINS 19P.KM!!!

VOLVO XC60 T8 Twin engine 4x4. Árgætt 2020, ekinn aðeins 19p. km., bensín/rafmagn, Sjálfskiptur. Ný þjónustaður af Brimborg. Leiðsögukerfi, Luga, Bakkmyndavél o.fl. Litur sérlega vel út. Verð aðeins kr.7.977.000. Rnr.120572. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli, pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105. Þar getum við boðið nemendum að halda fjarlæggðarmörk vegna Covid19 og aldrei fleiri en 10 í hverjum hóp. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið. Námskeiðin okkar byrja mánudaginn 10. janúar og þriðjudaginn 11. janúar og þeim lýkur svo fimmtudaginn 3. febrúar.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 19:15- 20:45

Framhaldsnámskeið spænska III:

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska IV:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska V:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

Bjóðum einnig upp á einkatíma.

Til leigu

Steinhella 17 lager - geymsluhúsnæði

330 fm lager- og geymsluhúsnæði til langtímaleigu. Mikil lofthæð, laust nú þegar.

Uppl. í s. 893 9777 og 862 4685

intellecta.is

RÁÐNINGAR



GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heilsa

Heilsuvörur



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

Varahlutir í lyftara



- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.

Vertu vinar okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Friða
www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Sviðsstjóri þjónustusviðs



Við leitum að fjölbreyttum og úrræðagóðum sviðsstjóra þjónustusviðs sem býr yfir færni til að leggja mat á mikilvægi verkefna og forgangsraða í samræmi við það. Við leggjum mikla áherslu á liðsheild og vinnum saman sem teymi. Við fögnum fjölbreytileika og temjum okkur opin tjáskipti þar sem allar skoðanir eiga rétt á sér. Við kunnum að meta frumkvæði og umbótahugsun, því við erum sífellt að leita að betri og skilvirkari leiðum til að sinna hlutverki okkar. Við erum glaðlynd og jákvæð gagnvart áskorunum í starfinu og leggjum áherslu á að finna einstakling sem passar vel inn í okkar vinnustaðamenningu.

Helsta ábyrgðarsvið sviðsstjóra:

- Verkefnastjórnun þjónustuvers og ýmissa sérverkefna
- Umsjón með þróun og viðhaldi upplýsingatækniherfa og samskipti við þjónustuaðila þeirra
- Ábyrgð á upplýsingaöryggi
- Umsjón með skjala- og gæðastjórnun NTÍ
- Umsjón með þjálfun nýrra starfsmanna og verktaka sem vinna í upplýsingakerfum NTÍ

Lykilkröfur til sviðsstjóra:

- Frumkvæði, skipulagsfærni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Viðtæk þekking á upplýsingatækni
- Færni í skýrslugerð, bæði á íslensku og ensku
- Framúrskarandi samskiptafærni, þjónustulund og jákvætt viðmót
- Menntun sem nýtist í starfi

Umsóknarfrestur er til og með **15. janúar 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Áhugasamir einstaklingar óháð kyni eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

NTÍ er opinber stofnun sem hefur það hlutverk að váttryggja eignir gegn náttúruhamförum. Að jafnaði eru 5-6 starfsmenn hjá NTÍ, en þegar stórir tjónsáttur eiga sér stað geta orðið miklar breytingar á starfsmannafjölda til skemmri tíma. Kynningarmyndband um NTÍ má finna hér:



Hér má einnig nálgast starfslýsinguna:



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



SKAFTÁRHREPPUR

Hjúkrunarforstjóri Klausturhóla

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið hjúkrunarforstjóra:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri, áætlanagerð og mannauðsmálum heimilisins
- Fagleg forysta á sviði hjúkrunar og umönnunar á heimilinu
- Ábyrgð á stefnumótun og framfylgd stefnu
- Samskipti við hagsmunaaðila heimilisins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun á sviði öldrunarmála er æskileg
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna sjálfstætt og skipulega
- Framsýni, metnaður og drifkraftur
- Hæfni til að skapa góða liðsheild ásamt jákvæðu og lausnamiðuðu hugarfari
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Klausturhólar er glæsilegt hjúkrunar- og dvalarheimili með 17 hjúkrunarrými, tvö dvalarrými og eitt dagdvalarrými. Ný og vel búin hjúkrunarálma var tekin í notkun árið 2006. Samstarf er milli Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem starfrækir heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri. Á Kirkjubæjarklaustri er grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli. Þar er góð aðstaða til íþróttaiðkunar í nýrri íþróttamiðstöð með sundlaug, íþróttasal og tækjasal. Náttúrufergurð í Skaftárhreppi er rómuð og mikil uppbygging á sér stað, einkum í ferðaþjónustu. Skaftárhreppur er hluti af Kötlu jarðvangi og Vatnajökulspjóðgarði. Nánari upplýsingar má finna á www.klaustur.is.

Umsóknarfrestur er til og með **14. janúar 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdís@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

ARKITEKT OG BYGGINGAFRÆÐINGUR

óskast til starfa



Fjölbreytt verkefni eru framundan hjá okkur og við viljum breikka breiðan hóp okkar með arkitekt og byggingafræðingi.

Starfsreynsla á arkitektastofu er kostur og kunnátta á helstu teiknforrit, ss. Revit er nauðsynleg.

Ákjósanlegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn skal senda til ASK arkitekta á netfangið ask@ask.is fyrir **15. janúar 2022**.

ASK arkitektar er ahlíða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði byggingarlistar, hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, skipulag eldri byggðar og nýbyggingasvæða, hönnunarstjórn o.fl. Verkefni stofunnar hafa verið unnin fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga. Teiknistofan er í miðborg Reykjavíkur og eru starfsmenn nú 23 talsins.

ASK arkitektar - Geirsgötu 9 - 101 Reykjavík - 515 0300 -www.ask.is


UMBROTTSFÓLK

Forlagið leitar að umbrotsmanni til að brjóta um bækur af öllu tagi, með og án mynda.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi viðtæka reynslu af bókaumbroti og yfirgripsmikla þekkingu á InDesign-forritinu, auk þess að geta unnið bæði í Illustrator og Photoshop en kunnátta í myndvinnslu er mikill kostur.

Æskilegt er einnig að viðkomandi beri gott skynbragð á íslenskt mál og búi yfir vandvirkni, sjálfstæði og öguðum vinnubrögðum auk þess að vera úrræðagóð/ur.

Umsóknir með upplýsingum um reynslu og fyrri störf sendist á atvinna@forlagid.is fyrir **5. janúar 2022**



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Forlagið | Bræðraborgarstíg 7 | www.forlagid.is

AÐSTOÐARMAÐUR DÓMARA

Héraðsdómur Reykjaness auglýsir laust til umsóknar starf löglærðs aðstoðarmanns dómara. Aðstoðarmenn heyra undir dómstjóra og kjör þeirra fara eftir kjarasamningi.

Leitað er eftir drifandi lögfræðingi sem öðlast hefur nokkra starfsreynslu. Starfið krefst sjálfstæðis og nákvæmni í vinnubrögðum. Um er að ræða fullt starf.

Helstu verkefni

- » Umsjón með reglulegu dómþingi í einkamálum og þingfestingar gjaldþrotamála
- » Meðferð útvistarmála í eigin nafni, þ.á.m. áritun stefna og ritun dóma og úrskurða
- » Meðferð sakamála þar sem vörnum er ekki haldið uppi
- » Ritun úrskurða/ákvarðana í eigin nafni í útburðar- og innsetningarmálum og gjaldþrotamálum og úrskurða á grundvelli laga um skipti á dánarbúum þegar vörnum er ekki haldið uppi
- » Áritun sektarboða og aðfararbeiðna
- » Dómkvaðning matsmanna og meðferð vitnamála
- » Aðstoð við samningu dóma og úrskurða í almennum einkamálum þar sem tekið er til varna, svo og aðstoð við samningu úrskurða í ágreiningsmálum er varða gjaldþrotaskipti, dánarbússkipti, sviptingu lögræðis, aðfaragerðir, nauðungarsölu og þinglýsingar

Menntunar- og hæfnikröfur

- » Umsækjandi þarf að hafa lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum og uppfylla jafnframt að öðru leyti skilyrði 2.-6. töluliðar 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla
- » Að lágmarki tveggja ára starfsreynsla á sviði lögfræði
- » Haldgóð þekking í réttarfari
- » Mjög góð færni í íslensku
- » Sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í mannlegum samskiptum
- » Góð tölvu- og tækniþekking

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir: Kristinn Halldórsson dómstjóri, kristinn.halldorsson@domstolar.is.

Fylgja þarf ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi fullnægi fyrrgreindum hæfniskröfum.

Umsóknir um starfið gilda í sex mánuði frá birtingu auglýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Sótt er um starfið á starfatorg.is eða á alfred.is

Umsóknarfrestur er til og með **10. janúar 2022**.




Breytt deiliskipulag miðbæjar- svæðis við Hvítungaveg

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti 2. desember 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir breytingu á Deiliskipulagi miðbæjar- og Hvítungaveg, auglýst skv. 1. Mgr. 43. Gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu breytingar á svæðinu eru að bætt er við fjórum byggingarreitum við Hvítungaveg og einum byggingareit sunnan við Alþýðuhús. Einnig er gert ráð fyrir aðkomuslóða að bakhlið húsanna við Hvítungaveg, eða bakvið Bókasafn Vestmannaeyja.

Skipulagsgögn verða til sýnis hjá Umhverfis- og framkvæmdasviði Skildingavegi 5, frá og með 20. desember 2021 til og með 31. janúar 2022 og má einnig finna í skipulagsgátt á vefsíðu sveitafélagsins (<https://www.vestmannaeyjar.is/thjonusta/skipulag/>).

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér gögnin. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna þarf að skila skriflega eigi síðar en 31. janúar 2022 í afgreiðslu Umhverfis- og framkvæmdasviðs Skildingavegi 5, eða á netfangið umhverfissvid@vestmannaeyjar.is




Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Embætti ríkislögmanns laust til umsóknar



Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti ríkislögmanns sem forsætisráðherra skipar í til fimm ára í senn.

Ríkislögmaður fer með rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Er þar einkum um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardómum. Ríkislögmaður annast einnig sókn þeirra mála sem ríkið höfðar og uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkinu. Embættið sinnir einnig málflutningi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og EFTA-dómstólnum. Þá geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits embættisins um einstök málefni og aðstoðar þess við vandasama samningagerð. Um embættið fer samkvæmt lögum um ríkislögmann, nr. 51/1985.

Ríkislögmaður ber ábyrgð á að embættið starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma embættisins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ríkislögmaður skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti og enn fremur hafa réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

Leitað er að einstaklingi með yfirgripsmikla og farsæla reynslu af málflutningi, sem hefur góða samskipta- og leiðtogahæfileika. Reynsla af stjórnun, stefnumótun og rekstri er æskileg.

Í stjórnendastefnu ríkisins kemur fram að stjórnendur þurfi að búa yfir hæfni og þekkingu til að geta brugðist við og haft frumkvæði að breytingum í samfélaginu og sífellt flóknara starfsumhverfi. Við ráðningu í embætti ríkislögmanns verður horft til þátta sem skilgreindir hafa verið í stjórnendastefnunni sem eru heilindi, leiðtogahæfni, árangursmiðuð stjórnun og samskiptahæfni.

Skipað verður í embættið frá 1. mars 2022. Um laun og önnur kjör ríkislögmanns fer skv. 39. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2022. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi uppfylli hæfniskröfur fyrir starfið. **Umsóknir skulu sendar til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík eða á netfangið for@for.is.**

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Hlöðversdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu; bryndis.hlodversdottir@for.is

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



Jól 2021



Starfsfólk

Intellecta

óskar þér og þínum
gleðilegra jóla,
árs og friðar.
Með kærri þökk
fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða.
intellecta



Barna- og fjölskyldustofa

Ný stofnun Barna- og fjölskyldustofa tekur til starfa þann 1. janúar 2022. Stofnuninni er ætlað að vinna að farsæld barna í samræmi við bestu þekkingu og reynslu hverju sinni. Barna- og fjölskyldustofa mun sinna verkefnum sem tengjast þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Þar á meðal eru verkefni á sviði barnaverndar en við stofnun Barna- og fjölskyldustofu verður Barnaverndarstofa lögð niður. Barna- og fjölskyldustofa mun jafnframt gegna lykilhlutverki við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Barna- og fjölskyldustofa leitar nú að framsæknum leiðtogum sem hafa þekkingu á málefnum barna og hæfni til að leiða svið stofnunarinnar.

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar:
Framkvæmdastjóri farsældar- og fræðsluviðs
Framkvæmdastjóri gæða- og stoðsviðs
Framkvæmdastjóri meðferðarsviðs

Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar 2022.

Allar nánari upplýsinga um störfín og má finna á Starfatorgi, www.starfatorg.is

BORG

ATVINNUHÚSNÆÐI

Til sölu atvinnuhúsnæði

Til sölu



Norðurhella 8

221 Hafnarfjörður

Atvinnuhúsnæði

Sex mismundi iðnaðarbil til sölu. Stærðir bilanna eru 244,9–330,4 fm. Mismunandi er hvernig þeim er skipt upp, sum eru með milliloft yfir öllu rýminu en önnur aðeins til helmings. Húsnæðið er vel staðsett í iðnaðarhverfinu á Völlumum í Hafnarfirði. Góð tenging við stofnbrautir og góð aðkoma. Gott framtíðarhúsnæði fyrir öflug fyrirtæki.

Bilin 6 eru:

8A: 330,4 fm	8D: 321,5 fm
8B: 246,3 fm	8E: 324,6 fm
8C: 244,9 fm	8F: 330,4 fm

Gunnlaugur löggiltur fasteignasali
844 6447 · gunnlaugur@fastborg.is

Úlfar Þór löggiltur fasteignasali
788 9030 · ulfar@fastborg.is

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Óskum þér og fjölskyldu þinni gleðilegra stunda um hátíðarnar með bestu þökk fyrir ánægjuleg viðskipti á árinu sem senn kveður.

Þitt fólk hjá Vinnvinn

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita að þér?